

Lýðveldi Íslands




Björg Vigfúsína Kjartansdóttir

Halló...

Halló...



Ég er hér í klettinum. Sérðu mig ekki? Nei, það er ekkert skrýtið. Ég er nefnilega álfur og það eru ákaflega fáir sem geta séð mig. Ég heiti Þjóðhildur og á heima í þessum kletti, hann er á Þingvöllum. Það er gaman að eiga heima á Þingvöllum því þar hefur svo margt í sögu okkar Íslendinga gerist.



Ég hef lært margt um Ísland og íslensku þjóðina. Ég veit ýmislegt um íslenska fánann, þjóðsönginn, sjálfstæði Íslendinga, skjaldarmerkið og forsetana.

Krakkar ég ætla að byrja á að segja ykkur frá íslenska fánanum.



Þegar ég var lítil var fáninn á Íslandi danskur, rauður með hvítum kross af því að danski kóngurinn réði yfir Íslandi.



En Íslendingar báðu kónginn um að fá fána sem væri eingöngu fyrir íslensku þjóðina. Hann samþykkti það árið 1915 en hann vildi samt að danski fáninn yrði dreginn að húni við

Stjórnarráðið með íslenska fánanum og íslenski fáninn mátti ekki skyggja á danska fánann.

Þegar verið var að ákveða hvernig fáninn okkar liti út voru fengnir nokkrir karlar sem voru í nefnd, svokallaðri fánanefnd. Þeir ákváðu eftir miklar vangaveltur hvernig íslenski fáninn ætti að líta út. Þeir voru með tvær tillögur en völdu síðan að fáninn okkar yrði blár með hvítum og rauðum krossi. Blái liturinn táknar blámann yfir fjöllum okkar. Hvíti liturinn táknar ísinn og rauði liturinn er tákn eldsins.



Vitið þið hvort það eru til reglur um fána?

Það eru nefnilega til reglur um svo margt. Það eru til nokkrar reglur um fánann okkar. Fáninn þarf að vera í ákveðinni stærð og litum. Það eru líka reglur um hvernig við brjótum hann saman. Svo eru líka reglur um á hvaða tíma við megum flagga fánanum. Til dæmis eru sérstakar reglur um notkun fánans við jarðarförir.

Í jarðarförum er flaggað í hálfu stöng. Fáninn er þá fyrst dreginn að húni og síðan í hálfu stöng. Að lokinni jarðarförinni er fáninn aftur dreginn að húni, til virðingar við hinn látna.

Vitið þið hvað er að draga að húni?

Já, það er að draga fánann alveg upp á topp á flaggstönginni.


Það má draga upp fánann frá klukkan sjö á morgnana. Síðan á að draga hann niður í síðasta lagi á miðnætti eða við sólsetur.

Við höfum nokkra lögskipaða fánadaga:

- afmælisdag forsetnas
- nýársdag
- föstudaginn langa í (hálf stöng)
- páskadag
- sumardaginn fyrsta
- 1. maí
- hvítasunnudag
- sjómannadaginn
- 17. júní
- 1. desember
- jóladag

Krakkar, nú ætla ég að segja ykkur það sem ég veit um Þjóðsönginn.

Þjóðsöngur Íslendinga „Ó, guð vors lands“ var upphaflega sálmur sem var sunginn í kirkjum. Sá sem samdi



textan var Matthías Jochumsson (1835-1920). Hann samdi textann 1873.

En sá sem samdi lagið hét



Sveinbjörn Sveinbjörnsson (1847-1926). Hann var fyrsti Íslendingurinn sem gerði tónlistariðkun að

ævistarfi.

Þjóðsöngurinn var frumfluttur í Reykjavík sunnudaginn 18. ágúst 1874. Danski kóngurinn var viðstaddur í kirkjunni því hann kom hingað til að vera á Þjóðhátíð.

Kóngurinn færði Íslendingum
stjórnarskrá sem bætti kjör
fólksins í landinu sem var skref í átt
að sjálfstæði okkar.

Það gilda ákveðin lög og reglur um
þjóðsönginn okkar. Reglurnar segja
okkur til dæmis, að við megum ekki
nota þjóðsönginn í viðskipta- eða
auglýsingaskyni.

Vitið þið krakkar að mér finnst sagan um sjálfstæði okkar Íslendinga vera merkilegust.



Það var nefnilega merkur maður að nafni Jón Sigurðsson sem fæddist 17. júní árið 1811, sem

lagði hart að sér að Íslendingar yrðu sjálfstæð þjóð.

En á þessum tíma réðu Danir yfir okkur Íslendingum. Jón var að læra í Háskólanum í Kaupmannahöfn.

Hann skrifaði hugvekju í blað um að Íslendingar ættu að fá að ráða sér sjálfir. Ísland ætti að vera frjálst land og ekki láta Dani stjórna sér.

Árið 1851 var danskri stjórn boðið til Íslands á þjóðfund í Reykjavík þar sem Jón Sigurðsson lagði fram tillögu að nýjum lögum um að Íslendingar fengju sjálfstæði. En danska stjórnin samþykkti það ekki og sleit fundi, en þá sögðu Íslendingar þessa þekktu setningu „Vér mótmælum allir“. Kóngurinn réði enn yfir landinu okkar og sjálfstæðisbaráttan hélt áfram undir forystu Jóns Sigurðssonar.

Loksins árið 1874 létu Danir talsvert eftir og viðurkenndu Ísland sem fullvalda ríki og tók það gildi 1. desember 1918.

Menn héldu ótrauðir áfram baráttunni fyrir algeru sjálfstæði og varð það að veruleika 17. júní 1944.

Þar sem Jón Sigurðsson átti afmæli 17. júní var sá dagur valinn sem þjóðhátíðardagur Íslendinga honum til heiðurs. Hann hafði barist hart fyrir landið sitt og fyrir okkur Íslendinga.

Nú ræður enginn kóngur lengur yfir landinu heldur kýs fólk, lýðurinn í landinu sér forseta. Forsetinn er kosinn til fjögurra ára í senn.

Fyrsti forsetinn var kosinn af stjórn Íslands þegar við hlutum sjálfstæði. Hann var kosinn til eins árs. En þjóðin kaus hann síðan áfram.

Fyrsti forsetinn okkar hét Sveinn Björnsson. Hann var forseti frá 1944 til 1952. Vitið þið hvað eru það mörg ár samtals?

Forseti Íslands á heima á
Bessastöðum sem er á Álftanesi.



Næsti forseti sem var
kosinn hét Ásgeir
Ásgeirsson. Hann var
forseti frá 1952 til
1968. Vitið þið hvað
það voru mörg ár?

Áður en hann var forseti var hann
búinn að læra guðfræði. Hann hafði
unnið við að kenna í Kennaraskólanum
svo hafði hann líka verið bankastjóri
og ráðherra.



Sá sem var kosinn þar á eftir hét Kristján Eldjárn (Þórarinsson). Hann var forseti frá 1968 til 1980.

Vitið þið hvað það eru mörg ár samtals?

Kristján var búinn að læra fornleifafræði .

Áður en hann varð forseti vann hann sem þjóðminjavörður. Hann var einnig rithöfundur.



Fjórði forsetinn okkar var kona. Hún heitir Vigdís Finnbogadóttir og var forseti frá 1980 til 1996.

Vitið þið þá hvað hún var forseti í mörg ár?

Hún vann áður við kennslu. Hún kenndi frönsku og

leikhúsbókmenntir. Hún hafði líka verið leikhússtjóri í Iðnó. Vigdís er enn að vinna fyrir landið okkar og heiminn.



Fimmti forsetinn heitir Ólafur Ragnar Grímsson. Hann tók til starfa 1996 og er enn starfandi. Áður en hann varð forseti var hann prófessor í

Háskóla Íslands og stjórnámálamaður.

Æi...



Bíðið þið við, ég á alveg eftir að segja ykkur frá skjaldarmerkinu.

Í gamla daga í útlöndum voru skjaldarmerkin notuð mjög mikið þegar það var stríð. Til að menn vissu í hvaða herliði maðurinn sem barist var við væri. Þeir þurftu að þekkja liðin í sundur.

Skjaldarmerkin voru líka notuð sem innsigli á bréf. Til þess að sæist að bréfið hefði ekki verið opnað.

Það eru ákveðnar reglur þegar skjaldarmerkin eru búin til. Reglurnar eru að það þarf að hafa skjöld eða fána í miðjunni. Utan um fánann eru síðan skjaldberar sem bera merkið. Eins og landvættirnir sem bera skjaldarmerki okkar Íslendinga.

Það eru notaðar tvær málmtegundir í gerð skjaldarmerkisins, gull eða silfur. Málmarnir og þeir litir sem eru notaðir mega ekki liggja saman. Gull og silfur mega ekki vera hlið við hlið.

Skjaldarmerkið okkar á sér langa sögu. En ég ætla ekkert að segja ykkur það allt saman heldur ætla ég að segja ykkur að árið 1919 var skjaldarmerkinu okkar breytt í það sem það er í dag nema að kóróna var fyrir miðjum fánanum og litirnir

aðeins öðruvísi. Af því að við
tilheyrðum öðru landi eins og þið
munið.



Sá sem teiknaði skjaldarmerki með
kórónunni hét Ríkharður Jónsson
myndhöggvari.

Landvættirnir sem eru í kringum
skjaldarmerkið eiga sér sögu sem
kemur úr bókinni Heimskringla eftir
Snorra Sturluson.

Sagan er þannig:

Haraldur Noregskonungur fékk mann til að fara til Íslands og segja honum hvað hann sæi þar. Maðurinn fór til landsins í hvalslíki. Þegar maðurinn kom að landi sá hann mikið af landvættum. Hann kom að Austurlandi og sá þar stóran dreka, í fylgd með honum voru eðlur og ormar sem spúðu á hann eitri. Hann flúði og kom þá að landi fyrir vestan. Þar sá hann mjög stóra fugla. Vængirnir á fulgunum náðu á milli fjallanna. Honum leist ekkert á blikuna og hélt áfram að synda meðfram landinu.

Næst kom hann að Suðurlandi en þar hitti hann fyrir griðung mikinn sem kom á móti honum á haf út með miklum hljóðum. Hann flýði og ætlaði að koma að landi á Vikarskeiði en þá tók á móti honum bergrisi svo stór að hann var hærri en fjöllin. Hann

hafði með sér marga jötna. Hvalnum leist ekkert á þetta land og fór og sagði Haraldi Noregskonungi allar sólarsöguna.

Jæja.

Aftur að skjaldarmerkinu. Því var breytt á Alþingi sem var haldið á Þingvöllum við Öxará 17. júní 1944. Forsetinn, sem nýbúið var að kjósa sagði að skjaldberar skjaldarmerkisins væru hinir fjórir landvættir sem kæmu fram í sögu Heimskringlu. Sem sagt, að griðungurinn væri hægra megin við skjöldinn og fyrir ofan hann gammurinn. Bergrisinn vinstra megin og dreki fyrir ofan hann. Skjöldurinn á síðan að hvíla á stuðlabergshellu.



Krakkar ég vona að þið munið hvað ég er búin að segja ykkur. Nú ætla ég að kveðja ykkur. Kannski eigið þið eftir að hitta mig eða einhvern annan álf á Þingvöllum.

Bless,

Þjóðhildur